

Þórduna, nemendafélag

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Pórduna, nemendafélag
Kennitala 591192-2999,
Hringteigi 2, 603 Akureyri

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Þórduna, nemendafélag er félag nemenda í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var svipaður í ár samanborið við fyrra ár. Tekjur félagsins 2023 námu 13,4 m.kr. samanborið við 12,3 m.kr. árið á undan. Rekstrarkostnaður nam 14,7 m.kr. samanborið við 15,8 m.kr. árið á undan. Þá voru fjármagnsliðir jákvæðir um 75 þ.kr. samanborið við 10 þ.kr. árið á undan. Félagið var því rekið með 1,2 m.kr. tapi á árinu samanborið við 3,5 m.kr. tap ársins á undan. Engin laun voru greidd á árinu 2023.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Þórdunu, nemendafélags staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2023 með áritun sinni.

Akureyri, 29. apríl 2024

Stjórn:

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Þórdunu, nemendafélags

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Þórdunu, nemendafélags fyrir árið 2023 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 29. apríl 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rúnar Bjarnason,
löggitur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		8.636.800	7.898.430
Tekjur af viðburðum		3.158.712	2.861.965
Tekjur af vörusölu og útgáfustarfsemi		639.164	1.157.082
Aðrar tekjur		937.280	345.000
		<u>13.371.956</u>	<u>12.262.477</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna viðburða		13.206.748	12.962.552
Kostnaður seldra vara og útgáfukostnaður		458.644	1.434.261
Annar rekstrarkostnaður		1.025.441	1.370.344
		<u>14.690.833</u>	<u>15.767.157</u>
Rekstrartap		(1.318.877)	(3.504.680)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		123.200	20.719
Vaxtagjöld		(48.376)	(10.730)
		<u>74.824</u>	<u>9.989</u>
Tap ársins		<u>(1.244.053)</u>	<u>(3.494.691)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
Veltuffjármunir			
Viðskiptakröfur		2.094.995	3.650.430
Handbært fé		589.898	341.079
		<u>2.684.893</u>	<u>3.991.509</u>
Eignir samtals		<u><u>2.684.893</u></u>	<u><u>3.991.509</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		3.902.369	7.397.060
Tap ársins		(1.244.053)	(3.494.691)
	5	<u>2.658.316</u>	<u>3.902.369</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		26.577	67.197
Aðrar skammtímaskuldir		0	21.943
		<u>26.577</u>	<u>89.140</u>
Skuldir samtals		26.577	89.140
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.684.893</u></u>	<u><u>3.991.509</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Þórduna, nemendafélag er félag nemenda í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Þórduna, nemendafélag er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hringteigi 2, 603 Akureyri.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

4. Aðrar rekstrartekjur

Styrkir og framlög eru færðir við innborgun.

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2022:		
Staða í ársbyrjun	7.397.060	7.397.060
Tap ársins	<u>(3.494.691)</u>	<u>(3.494.691)</u>
Staða í árslok	3.902.369	3.902.369
Hreyfingar 2023:		
Staða í ársbyrjun	3.902.369	3.902.369
Tap ársins	<u>(1.244.053)</u>	<u>(1.244.053)</u>
Staða í árslok	2.658.316	2.658.316